



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 60 ára afmælisþingi
Félagsráðgjafafélags Íslands
Reykjavík
23. febrúar 2024**

Formaður Félagsráðgjafafélags Íslands,
ágætu liðsmenn félagsins.

Á merktum tímamótum óska ég ykkur hjartanlega til hamingju. Ég óska ykkur til hamingju með árin 60, sem liðin eru frá stofnun ykkar félagsskapar, og ég óska ykkur líka frekari velfarnaðar um alla framtíð. Þess mun samfélagið allt njóta.

Lítum aðeins um öxl. Eins og þið vitið betur en ég er félagsráðgjöf ung námsgrein og starfsvettvangur, á rætur að rekja til kristinna góðgerðarfélaga og annarra samfélagshreyfinga sem létu sífellt meir til sín taka undir lok nítjándu aldar eða þar um bil. Hér heima koma félagsráðgjafar svo til sögunnar um miðja síðustu öld. Guðrún Jónsdóttir var brautryðjandi og þrjár aðrar konur fylgdu fast á eftir, þær Margrét Margeirsdóttir, Margrét Steingrímsdóttir og Kristín Gústavsdóttir. Miðvikudaginn 19. febrúar 1964 stofnuðu þær fjórar Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa sem síðar fékk sitt núverandi nafn, Félagsráðgjafafélag Íslands.

Já, 60 ár eru drjúgur tími og margt hefur breyst í tímans rás – en annað ekki. Stofndaginn góða trónuðu Bítlarnir á toppi vinsældalista í Bandaríkjunum með ofursmellinn sinn, „I want to hold your hand“ – Í hönd þína vil ég halda.

Flest eða öll þekkjum við enn þetta fallega lag. Það hefur ekki breyst og megum við ekki segja að þetta sé táknrænt á sinn hátt? Fjórmenningarnir úti sungu og fjórmenningarnir hér heima vildu láta verkin tala. Snýst ekki starf ykkar um samskipti, að tengja fólk saman, að leiðbeina fólki og hjálpa því til að

sýna hvað í því býr í samfélagi fjöldans, sjálfu sér og öðrum til heilla – að halda í hönd, haldast í hendur?

Þið verðið að afsaka þessi langsóttu hugrenningatengsl – en ég bara gat ekki bælt þau niður eftir að ég athugaði af rælni á internetinu hvað hefði helst talist til tíðinda þennan ofangreinda dag, 19. febrúar 1964. Og þið afsakið vonandi líka að ég upplýsi hér og nú um það að á síðunni sem ég notaði, onthisday.com, er stofnunar félags ykkar ekki getið.

Samt getið þið nú borið höfuðið hátt og ég leyfi mér að fullyrða að starf félagsráðgjafa sé eins mikilvægt nú og það var fyrr á tíð, jafnvel enn mikilvægara. Höldumst við nóg í hendur? Því hefur verið haldið fram að einsemd verði meðal helstu meinsemda í okkar velferðarsamfélagi á þessari öld. Einnig heyrst því fleygt að fólk eigi sífellt erfiðara með að ræðast við augliti til auglitis, að við séum frekar að færa öll okkar samskipti yfir í snjallheima ef það er þá rétta orðið – yfir á netið þar sem við getum setið ein við skjá eða með síma í hönd, setið ein og gúgglað, setið ein og lækað og kommentað, setið ein þótt við þykjumst vera tengdari en nokkru sinni fyrr.

Vissulega hefur tæknibylting samtímans breytt mörgu til hins betra en hér verðum við að vera á verði. Hinn viti borni maður er félagsvera. „Maðurinn einn er ei nema hálfur, með öðrum er hann meiri en hann sjálfur.“ Þannig orti Einar Benediktsson á sínum tíma og hinn viti borni maður er líka tilfinningaríkur, oftast en ekki í leit að stuðningi, í leit að hönd til að halda í. Vigdís Finnbogadóttir orðaði það svo vel í sinni forsetatíð: „Raunverulega er engin manneskja eins sterk og hún lítur út fyrir að vera,“ sagði hún og hélt svo áfram: „Það hljóta allir að finna fyrir veikleika og sá sem ekki finnur fyrir veikleika getur ekki verið menskur.“

Ágætu félagsráðgjafar: Ég ítreka heillaóskir mínar til ykkar allra og félagsins ykkar. Virðið áfram manngildi og sérstöðu hvers og eins, auk trúar á getu fólks til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Vinnið að lausn félagslegra og persónulegra vandamála, spornið við félagslegu ranglæti og mannréttindabrotum. Gerið áfram allt þetta og þá mun okkur vel farnast. Framtíðin er í höndum okkar allra.